

Sogn er gagnslaus geymsla fyrir geðsjúka

■ Faðir vistmanns á Sogni og formaður Geðhjálpur segja réttargeðdeildina notaða sem geymslu fyrir geðsjúka ■ Starf þar sé ómarkvisst enda séu engin lög til um stofnunina ■ Endurhæfing sögð í algjöru lágmarki

„Ég fullyrði að síðan sonur minn var lagður þarna inn fyrir fimmtán árum hefur hann ekki fengið neina endurhæfingu og einu lyfin sem honum hafa verið gefin eru veik flogaveikislyf. Það hefur ekkert verið gert fyrir hann, það er bara búið að setja hann þarna í geymslu.“ Þetta segir Kristján Oddgeirsson faðir Baldvins Kristjánssonar sem setið hefur á Sogni frá opnun réttargeðdeildarinnar árið 1992, en Baldvin varð konu að bana árið 1990. Á Sogni eru vistaðir ósakhæfir geðsjúklingar.

„Eftir þennan hroðalega atburð var strakurinn í okkar umsjá til bráðbrigða í eitt og hálf ár. Honum leið vel og ekkert kom upp á enda passaði fjölskyldan vel upp á hann í sameiningu því hann var mjög veikur. Þetta fyrirkomulag var gagnrýnt þar sem við þóttum ekki hæf til að sjá um hann þar sem við vorum ekki fagfólki. Svo er hann settur þarna inn og það er ekkert gert fyrir hann.“

„Lítið um efndir“

Kristján segir fjölskylduna hafa leitað til stjórnvalda í þeirri von að henni yrði hjálpað að finna önnur úrræði fyrir fatlaðan son sinn.

„Við hittum Jóhannu Sigurðardóttur áður en hún varð félagsmálaráðherra í seinna skiptið og sögðum henni söguna. Hún sagðist hafa fullan skilning á málinu og sagði okkur að hún ætlaði að beita sér í málinu. En eftir að hún varð félagsmálaráðherra hefur hins vegar ekkert gerst í því. Það var því ekkert að marka það sem hún sagði.“

Fjölskylda Baldvins hefur ráðið til sín lögræðing sem vinnur að því að ná Baldvini út af Sogni. „Sonur okkar var dæmdur sem sakhæfur maður og samkvæmt dómnum var hann búinn að afplána árið 2000. Þá var okkur sagt að unnið væri að því að finna önnur úrræði fyrir hann, en ekkert hefur gerst.“

Kristján segir son sinn bera vistinni á Sogni illa söguna. „Hann veiktist fyrir stuttu en það fór að grafa í munnum á honum. Hann þurfti að berjast fyrir því svo dögum og jafnvel vikum skipti að fá lækni til að kíkja á sig. Það var svo ekkert fyrir en eldri sonur minn hótaði öllu illu að loksins eitthvað var gert.“

Kristján segir málið hafa tekið mikinn toll af fjölskyldunni þau fimmtán ár sem þau hafa staðið í baráttunni. „Af og til hafa syni okkar verið send bref þar sem honum hefur verið tjáð að hann sé á leiðinni á annað stað og við eigum fullt af þessum bréfum. Þetta hefur allt reynst eintóm lygi og er



Ægir Þór Eysteinnsson
aegir@24stundir.is

FRÉTTASKÝRING

þara búið að skapa drengnum óþægindi því hann hefur alltaf gert sér vonir um að hann sé nú loksins að komast af þessum stað.“

„Engin lög til um stofnunina“

Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpur, segir samtökin hafa miklar áhyggjur af stöðu mála hjá réttargeðdeildinni á Sogni. „Við gerum þá kröfu að þarna verði tekið á málunum heildstætt. Það eru ekki til nein lög um starfsemina en þá hlýtur maður að spyrja hvernig sé þá staðið að mannaáráðningum og hver beri ábyrgð á því? Hvaða handahófskennda afgreiðsla á sér stað þarna þegar menn styðjast ekki við nein lög? Þetta er algjörlega óviðunandi ástand.“ segir Sveinn.

„Það þarf að setja lög og reglur um réttargeðdeildina og samhlíða því þarf að fara fram þarfragreiðing um hvers þurfi við á svona stofnun og svo framvegis. Svo hlýtur markmiðið að vera að hún sé einungis áfangi og svo taki annað við.“

Réttargeðdeildin hefur rúm fyrir sjö einstaklinga í vistun. „Við hjá Geðhjálp þekkjum dæmi þess að einstaklingur hafi verið metinn sakhæfur einfaldlega vegna þess að það var ekki pláss á Sogni.“ segir Sveinn. Það er mjög algengt að þar séu vistaðir átta einstaklingar og þá er viðtalsherbergið á staðnum nýtt sem vistarvera.“

„Eins og að pissa í skóinn sinn“

Jón Kristjánsson, þáverandi heilbrigðisráðherra, skipaði starfshóp árið 2005 til að huga að uppbyggingu á Sogni. Vinnuhópurinn átti jafnframt að meta hversu mörg rými stofnunin þyrfti og gera tillögur um hvaða leiðir skyldu farnar til að bregðast við. „Við höfum ekki haft spurnir af neinu í sambandi við vinnu þessa starfshóps. Engar lausnir eru því í sjónmáli í því sambandi.“ segir Sveinn.

„Sogn er ekkert annað en geymsla. Þarna er fólk bara lokað inni og ekki veitt nein meðferð að ráði. Þar er nánast ekkert gert að því undanskildu að vistmennirnir fá lyfin sín.“ segir Sveinn. „Þetta blasir þannig við mér að þarna er um að ræða mjög veika einstaklinga sem þurfa stöðuga vöktun. Ég orða það þannig að sú meðferð



Engin meðferð
Formaður Geðhjálpur segir að á Sogni sé tekið á móti fólki og það lyfjað niður.

24stundir/POK

sem viðhöfð er á Sogni, því hún er svo glöppótt og ómarkvisst, sé eins og að pissa í skóinn sinn.“

Sveinn segir að hálf tóðugildi iðjuþjálfna hafi verið lagt af á Sogni nýverið, en það sé mjög brýnt að menn sem eigi við geðsjúkdóma að stríða fái reglulega hreyfingu. „Það yrðu flestir geggjáðir ef þeir hefðu ekkert fyrir stafni í langan tíma. Þarna vantar kerfisbundna uppbyggingu einstaklinga í samræmi við mat sem á þeim er gert. Í dag er þetta þannig að það er tekið á móti einstaklingum og afgreiðsla þeirra felst í því að þeir eru lyfjaðir.“

Í hvað fara peningarnir?

Að sögn Sveins kostar um þrjú hundruð milljónir að reka stofnunina á ársgrundvelli. „Það hlýtur að vera hægt að gera eitthvað fyrir þessa peninga. Eg ætla ekki að ýja að því að þarna sé farið illa með peninga en það hljóta að vakna

SOGN

- Réttargeðdeildin á Sogni hóf starfsemi sína árið 1992.
- Þar er rúm fyrir sjö ósakhæfa geðsjúklinga.
- Starfsfólk er á þriðja tug talsins.
- Yfirlæknir á réttargeðdeildinni á Sogni er Magnús Skúla-son.
- Hann var sviptur leyfi til að ávísa róandi og örvandi lyfjum í júlí.

upp hjá manni spurdingar, í ljósi þess sem maður veit um aðgerðarleysið sem þarna þrífst.“ segir Sveinn. „Í hvað fara þessir peningar? Þarna vinnur haugur af fólki. Hvernig er samsetningin á því? Þarna starfar ekki mikið af fagfólki og ég veit til dæmis að þar starfar engin geðhjúkrunkona.“

Sveinn gagnrýnir harðlega hversu illa heilbrigðiskerfið og félagslega kerfið vinna saman að því að finna úrræði fyrir geðsjúka. „Yfirlæknirinn á Sogni vill ekki útskrifa einstaklinga því hann telur að engin úrræði séu í boði fyrir þá. Þetta er einfaldlega rangt. Það eru til félagslegar stofnanir sem geta tekið við þessu fólki en yfirlæknirinn er ekki í neinum samskiptum við þær. Réttargeðdeildin og Landspítalinn tala ekki saman. Ef kerfin ynnu saman í stað þess að vera á móti hvort öðru væru þessi mál öðruvísi.“ segir Sveinn. „Ef veikum einstaklingum væri tryggt búsetu-úrræði eftir meðferð í stað þess að geyma þá bara á stofnun í fjölda ára gætu þeir lifað betra lífi með fötlun sinni í stað þess að loka þá bara inni vegna hennar.“

ÞEKKIR ÞÚ TIL?

Hringdu í síma 510 3700 eða sendu póst á 24@24stundir.is